

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1439*  
*komudagur 23.3.2006*

Alþingi  
b.t. Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

23. mars 2006  
Tilvísun: 2006030027

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, 556. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 8. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, 556. mál.

Fjármálaeftirlitið styður eindregið þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur þær nauðsynlegar til að gera eftirlitinu betur kleift að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

Með frumvarpi til laga nr. 11/2000, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, var leitast við að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi Fjármálaeftirlitsins og styrkja eftirlitsheimildir þess, einkum varðandi aðgang að gögnum og úrræðum til að fylgja eftir kröfum eftirlitsins um upplýsingar og gögn. Í frumvarpinu var tekið fram að ekki væri um heildstæða endurskoðun á stöðu og heimildum Fjármálaeftirlitsins að ræða og reynslan myndi síðar leiða í ljós hvort frekari breytinga væri þörf á lagaumgjörð stofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið vill taka fram að nokkur reynsla er nú fengin af starfsemi stofnunarinnar og beitingu heimilda eftirlitsins, m.a. þeirra sem kveðið var á um í lögum nr. 11/2000. Við beitingu framangreindra heimilda hafa m.a. komið upp tilvik þar sem eftirlit hefur verið torvelað og aðilar neitað að veita Fjármálaeftirlitinu fullnægjandi upplýsingar. Þá hefur kærunefnd skv. 18. gr. laganna talið að lagaheimildir eftirlitsins til að knýja á um upplýsingar með dagsektum væru ekki nægilega skýrar til þess að þeim væri beitt ganvart umræddum aðilum. Fjármálaeftirlitið telur því brýnt að bregðast við þeim álitafnum sem upp hafa komið og að eftirlitinu verði tryggð fullnægjandi úrræði til að vinna að athugun mála. Einnig er brýnt að skýra frekar tiltekin ákvæði í sérlægum sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Ítarlega er fjallað um framangreint í frumvarpinu og styður Fjármálaeftirlitið það sem þar kemur fram.

Til viðbótar er rétt að leggja áherslu á að með hliðsjón af þeim öra vexti og þróun sem orðið hefur á íslenskum fjármagnsmarkaði á undanförmum árum, m.a. með útrás íslenskra fjármálafyrirtækja, er mikilvægt fyrir trúverðugleika markaðarins að eftirlitsaðilinn, Fjármálaeftirlitið, hafi skýr, skilvirk og óumdeild rannsóknarúrræði. Mikilvægt er því að lagaumgjörð fjármálamarkaðar, m.a. ákvæði um eftirlit, séu í stöðugri þróun.

Fjármálaeftirlitið vill þó vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á tilteknum atriðum sem Fjármálaeftirlitið telur að þarfnist einnig breytingar og hafa m.a. komið upp við frekari athuganir og aðgerðir eftirlitsins.

### **1. Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998**

Fjármálaeftirlitið telur brýnt að hámarks fjárhæð févitis í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 verði hækkuð en telja verður að nógildandi mörk hafi ekki tilskilin forvarnaráhrif í för með sér. Í því samhengi skal bent á að eignir stærstu fjármálafyrirtækjanna hafa ellefufaldast m.v. samstæðugrunn frá árslokum 1999 fram til ársloka 2005. Telja verður að álagning févitis að fjárhæð 2 millj. kr. hafi ekki mikil áhrif á stærstu fjármálafyrirtækin. Fjármálaeftirlitið leggur hins vegar áherslu á að við

ákvörðun févítis skuli tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrks viðkomandi aðila.

Fjármálaeftirlitið leggur til að 4. málsl. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins hljóði svo:

*"Févíti getur numið frá 250.000 kr. til 25 milljóna kr."*

## **2. Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002**

### **a) Ákvæði er varða sparisjóði**

Sérstakar reglur gilda um myndun virkra eignarhluta í sparisjóðum, en skv. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002, er stjórn sparisjóðs ekki heimilt að samþykkja framsal á stofnfé ef það leiðir til myndunar virks eignarhluta, nema samþykki Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir og að fullnægðum skilyrðum sem kveðið er á um í a- og b-lið í fyrrnefndri grein. Þá er atkvæðisréttur í sparisjóðum einnig takmarkaður, þannig að stofnfjáreiganda og tengdum aðilum er óheimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort heldur yfirráð yfir atkvæðisrétti byggja á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé. Löginn leggja tilteknar skyldur á stjórnir sparisjóða, sbr. 64. og 70. gr. laganna, og á Fjármálaeftirlitið í tengslum við framangreint. Að mati Fjármálaeftirlitsins kalla framangreind ákvæði á að nauðsynlegt er að skerpa á skyldum og heimildum sem þessir aðilar hafa, standi vilji löggjafans til þess að halda óbreyttri umgjörð um starfsemi sparisjóða. Í ljósi þessa leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki, til viðbótar við þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir:

i) Með hliðsjón af skyldum stjórnar sparisjóða vegna framsals á stofnfé í sparisjóðum, sbr. 64. og 70. gr. laga nr. 161/2002, telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að kveðið sé á um það í lögnum að stjórn sparisjóðs sé rétt og skylt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum til þess að geta metið hvort kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóðnum. Einkum gæti verið um að ræða kaupsamninga, nánari upplýsingar um lögaðila sem hyggst kaupa stofnfé, t.d. um virka eigendur lögaðilans, eða önnur gögn eða samningar sem átt geta við.

Fjármálaeftirlitið leggur til að nýr 2. málsliður bætist við 1. mgr. 64. gr. laganna svohljóðandi:

*"Við mat á samþykki framsalsbeiðna skal stjórn sparisjóðs kalla eftir nauðsynlegum gögnum til að taka afstöðu til framsalsbeiðna og bera kennsl á þann aðila sem stendur að baki viðskiptum með stofnfé."*

ii) Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að úrræði eftirlitsins til þess að gera þá kröfu að stjórn sparisjóðs samþykki ekki framsalsbeiðnir hafi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að framsal sé liður í myndun virks eignarhlutar andstætt ákvæðum laganna, sé virkt í framkvæmd. Fjármálaeftirlitið myndi einkum gera slíka kröfu ef Fjármálaeftirlitið ynni að athugun á myndun virks eignarhlutar í sparisjóði og eftirlitið teldi t.d. að um málamyndaframsöl væri að ræða eða samþykkt frekari framsala myndi torvela athugun eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið telur því mikilvægt að kveðið verði á um að samþykkt sparisjóðsstjórnar gegn kröfu eftirlitsins hafi ekki þau réttaráhrif í för með sér að eignarréttur yfirfærast á framsalshafa og framsalshafi geti því ekki beitt þeim réttindum sem fylgja stofnfjárhlut.

Fjármálaeftirlitið leggur til að ný málsgrein bætist við 64. gr. laga nr. 161/2002, svohljóðandi:

*"Fjármálaeftirlitið getur gert þá kröfu að stjórn sparisjóðs samþykki ekki framsalsbeiðnir um tiltekinn tíma, allt að 6 mánuði, hafi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að framsal sé liður í myndun virks eignarhlutar andstætt ákvæðum laganna eða ætla megi að framsöl gætu torvelað athugun eftirlitsins að öðru leyti. Samþykkt sparisjóðsstjórnar gegn kröfu Fjármálaeftirlitsins stofnar ekki til eignarréttar framsalshafa og veitir framsalshöfum ekki rétt til að beita réttindum sem fylgja þeim stofnfjárhlutum."*

### **b) Bráðabirgðaákvæði**

Í frumvarpinu er lagt til að afla þurfi samþykkis Fjármálaeftirlitsins hyggist aðilar eignast virkan

eignarhlut umfram 25%. Vísast til þess sem þar kemur fram um ástæður þess. Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að aðilar sem hafa fengið samþykki fyrir því að eignast virkan eignarhlut umfram 20% sbr. ákvæði 40. gr. laga nr. 161/2002, þurfi að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins hafi eignarhlutur þeirra ekki farið upp fyrir 25% mörkin við gildistöku laganna.

Fjármálaeftirlitið leggur til sett verði ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

*"Aðili sem hefur fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum á virkum eignarhlut umfram 20%, sbr. 40. gr. laganna, en eignarhlutur hans nemur ekki 25% við gildistöku laga þessara, skal sækja um heimild Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laganna hyggist hann eignast eignarhlut umfram 25%. "*

### **3. Lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994**


Fjármálaeftirlitið leggur til að sett verði sambærilegt ákvæði til bráðabirgða í lög um váttryggingastarfsemi og lagt er til að verði sett í lög um fjármálafyrirtæki, sbr. b-liður hér að ofan.

Fjármálaeftirlitið vekur einnig athygli á misritun í 17. gr. frumvarpsins, þar sem 3. mgr. ákvæðisins er tvítekin.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita nefndinni frekari upplýsingar og liðsinna henni að öðru leyti við vinnslu þessa frumvarps, eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Guðbjörg Bjarnadóttir